

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu
Lækjartorg
101 Reykjavík

Sent í gegn um samráðsgátt

Reykjavík, 20. nóvember 2023

Athugasemdir Landverndar við áformaskjal um frumvarp til laga um br. á ýmsum lögum vegna þjóðlendna.

Stóra úrlausnarefnið auk starfsloka óbyggðanefndar er að skilgreina frekar eignarrétt ríkisins í þjóðlendum og á landinu öllu og gera breytingar á ýmsum ákvæðum þjóðlendlaga í ljósi reynslu af framkvæmd undanfarinna ára.

Í áformaskjalinu er því lýst að skýra þurfi eignarrétt ríkisins á þjóðlendum svo ekki verði áfram til staðar eigendalaus réttindi sem skapað geti réttaróvissu um þau.

Vilji er til þess að breyta leyfisveitingahlutverki ráðuneytisins á þjóðlendum, umfangi auglýsingaskyldu, samsetningu samstarfsnefndar um þjóðlendum og mörkun tekna sveitarfélaga.

Hér er um að ræða risavaxin mál sem varða mögulegan aðgang og nýtingarleyfi óskyldra hagsmunaaðila til lengri eða skemmri tíma að nýtingu sameiginlegra auðlinda, nýtingarleyfi sem fela oftast en ekki í sér óafturkræf náttúruspjöll. Sjálfa þjóðlenduna, sameign þjóðar, ber stjórnvöldum að vernda fyrir allri ágengri nýtingu. Að sama skapi skal vinna með stefnu um verndun vistkerfa innan þjóðlendna og hlúa að endurheimt vistkerfa og leyfa náttúrulegi framvindu gróðurs að vinna sitt verk.

Mjög mikilvægt er að vandað verði til verka ef gera á breytingar á leyfisveitingahlutverki ráðuneytisins á þjóðlendum, umfangi auglýsingaskyldu og mörkun tekna sveitarfélaga og hert á friðun og rétti þjóðarinnar í þjóðlendum. Þegar mestu verðmæti þjóðar eru undir, verða sjónarmið fulltrúa almennings og almannaréttur að ráða för.

Undir engum kringumstæðum mega einstaklingar og eða hagsmunaöfl með fjárhagslegar tengingar eiga aðild að þátttöku í ákvörðunum sem varða stefnu sem varðar þjóðlendumál. Mikilvægt er að traust ríki um leyfisveitingar og aðrar stjórnarsýslulegar ákvarðanir á þjóðlendum. Almenningsur verður að geta treyst því að þeir sem fara með slíkar ákvarðanir vinni út frá hagsmunum þjóðarinnar og láti umhverfi og náttúru njóta vafans.

Það sama á við varðandi nýja nefnd sem kann að verða skipuð í stað óbyggðanefndar. Þar verður að tryggja að ekki verði um að ræða hagsmunatengsl, bein eða óbein, sem valdið geta vantrausti á störfum nefndarinnar.

Gulltryggja þarf ósnortin víðerni, gagnvart allri vinnslu og ágangi og ekki má að neinu leyti umgangast nýtingarleyfi í þjóðlendum, eins og um land- eða fasteignir í einkaeigu sé að ræða. Undir engum kringumstæðum má koma á þannig lögum að úthluta megi eða selja réttindi úr þjóðlendu á sama hátt og gert væri við land sem heyrir til venjulegrar hagnýtingar á eignarétti fyrir fasteign.



Ef hert er á rétti almennings í nýjum lögum, þyrfti að kanna möguleika á því hvort gildissvið laganna nái yfir þegar útgefin nýtingarleyfi. Mikilvægt er að ný leyfi til ágengrar starfsemi á eldri svæðum, en þó sérstaklega á nýjum svæðum verði ekki gefin út með sama hætti og verið hefur.

Varðandi starfslok óbyggðanefndar, er ástæða til að setja spurningamerki við að hún sé lögð niður og komið á fót nýrri þriggja manna nefnd til að sinna endurupptöku mála. Eðlilegra væri að óbyggðanefnd héldi áfram, enda þekkir hún best til eftir alla vinnuna.

Eitt af grundvallaratriðum þess að tryggja að þjóðlendur Íslands muni standi undir nafni er að koma ákvæði þess efnis í stjórnarskrá Íslenska Lýðveldisins að þjóðlendur í eigu þjóðar verði meitlaðar í þetta grunnskjal sem ein órofa auðlind í eigu þjóðar svo ekki þurfi um að deila.

Landvernd telur að umsagnarfrestur þessa máls hefði þurft að vera lengri, því þetta er stórt og mikilvægt mál sem varðar alla.

Með vinsemd og virðingu

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður